




Reykjavík, 28. nóvember 2024
USK24080092

Sléttuvegur 15-17 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. október 2024 var lögð fram fyrirspurn Húsfélagsins að Sléttuvegi 15-17 þar sem óskað var eftir því að heimreið að fjölbýlishúsum nr. 11-13 og 15-17 við Sléttuveg verði gerð að borgarlandi.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á borgarhluta 5, Háaleiti – Bústaðir, og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB31.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sléttuveg norðan, samþykkt í borgarráði 26. febrúar 1990, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir að heimreið að íbúðarhúsum fyrir aldraða að Sléttuvegi 11-13 og 15-17 verði gerð að borgarlandi til að létta kostnaði af íbúum við snjómokstur.

Leitað var álits hjá skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. Samkvæmt áliti þeirra, dags. 21.11.2024, er þetta hefðbundið fyrirkomulag á veghaldi í Reykjavíkurborg, sem og í öðrum sveitarfélögum. Ekki þykir rétt að veita heimild til annars fyrirkomulags þar sem það yrði þá fordæmisgefandi.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í fyrirspurn.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri